





# ÁRSSKÝRSLA 2001

## EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns .....	4
Nýsköpunarsjóður árið 2001 .....	5
Skipulag sjóðsins .....	6
Önnur starfsemi .....	8
Samstarfsverkefni Nýsköpunarsjóðs .....	9
Lokaorð .....	11
Samþykkt verkefnafjármögnun árið 2001 .....	12
Ársreikningur 2001 .....	13
Áritun endurskoðenda .....	14
Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	15
Reikningar með skýringum .....	17
Annual report 2001 .....	33
Initiative marks the course .....	49

# ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

## FRUMKVÆÐI NÝSKÖPUNARSJÓÐS MARKAÐI BRAUTINA

Á þeim rúmlega fjórum árum sem liðin eru frá því Nýsköpunarsjóður hóf starfsemi sína hafa orðið miklar breytingar í íslensku atvinnulífi og á fjármálamarkaði. Þegar Nýsköpunarsjóður hóf starfsemi sína var lítið framboð af fjármagni til áhættufjárfestinga. Á þessu varð gjörbylting skömmu eftir að sjóðurinn hóf starfsemi. Frumkvæði Nýsköpunarsjóðs hefur sannarlega skilað góðum árangri og markað brautina að gjörbreytu umhverfi fyrir áhættufjárfestingar hér á landi.

Þegar allt umhverfi í áhættufjárfestingum hafði tekið stakkaskiptum og fleiri innlendir aðilar komu að fjárfestingum ákvað stjórn sjóðsins fyrir tveimur árum að breyta áherslum í starfseminni. Lögð hefur verið aukin áhersla á smærri fjárfestingar og að sjóðurinn færði sig framari í fjárfestingaferlinu. Til að mæta breyttum aðstæðum og nýjum þörfum hefur auk þess verið lögð aukin áhersla á verkefnabundin áhættulán, sem í sumum tilvikum innihalda breytirétt í hlutafé.



Á þeim tíma sem liðinn er frá því þessi ákvörðun kom til framkvæmda hafa orðið miklar breytingar til hins verra á framboði fjármagns til áhættu- og framtíksfjárfestinga. Ástæður þessa má rekja til verðfalls á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum. Síðustu misseri hefur verið mjög erfitt að ljúka fjármögnum í nýsköpunarfyrirtækjum vegna skorts á áhættufjármagni. Margir fjárfestar eru brenndir og fjármagn til áhættufjárfestinga hefur ekki aukist þrátt fyrir að verðbréfamarkaðir hafi rétt nokkuð úr kútnun. Nýsköpunarsjóður hefur ekki farið varhluta af erfiðri stöðu á verðbréfamörkuðum frekar en aðrir fjárfestingasjóðir. En fjármagn sjóðsins er í fjárvörslu innanlands og utan, að frátöldu því sem bundið er í fjárfestingum í formi hlutafjár og áhættulánum.

Á fjögurra ára starfstíma Nýsköpunarsjóðs varð mjög góð rekstrarafkoma fyrstu tvö árin þar sem hagnaður nam liðlega 1.100 milljónum króna, en tvö seinni árin hefur aftur á móti orðið um 945 milljóna króna halli á samstæðureikningi sjóðsins. Til þess að mæta þeirri áhættu sem felst í áhættufjárfestingum og verkefnabundnum útlánum voru til staðar liðlega 1.170 milljónir króna um síðustu áramót á samstæðureikningi sjóðsins.

Frá stofnun Nýsköpunarsjóðs í ársþyrjun 1998 og fram í maí á þessu ári hafa borist um 1.600 erindi þar sem óskað var eftir þátttöku sjóðsins og deilda hans í einstökum verkefnum. Á síðasta ári bárust sjóðnum 395 formleg erindi, sem eru 20 fleiri en árið áður. Fyrstu fjóra mánuði þessa árs hafa sjóðnum borist 120 erindi, en á sama tíma í fyrra voru þau 145 talsins. Helstu skýringuna á fjölgun erinda á síðasta ári má rekja til þess að dregið hefur úr framboði áhættufjármagns. Á sama hátt má segja að fækkan erinda á þessu ári tengist því að fyrir lá að sjóðurinn hygðist draga verulega úr nýfjárfestingum á þessu ári.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er um þessar mundir að flytja starfsstöðvar sínar í Hús atvinnulífsins við Borgartún. Með nýju húsnæði skapast nýir möguleikar til enn betri þjónustu við frumkvöðla og aðra viðskiptamenn sjóðsins. Umfram allt styrkir þetta samband sjóðsins við stjórnvöld og íslenskt atvinnulíf.

Reykjavík, 18. maí 2002

Arnar Sigurmundsson stjórnarformaður



## NÝSKÖPUNARSJÓÐUR ÁRIÐ 2001

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins var stofnaður í ársbyrjun 1998. Á fjórða heila starfsári sjóðsins hafa aldrei fleiri fyrirtæki og einstaklingar leitað til sjóðsins um þátttöku hans, annaðhvort með hlutafjárframlagi til fyrirtækja, áhættulánum til vörupróunar eða markaðsaðgerða eða fjármunum til grásrótarverkefna sem nýst geta umtalsverðum fjölda einstaklinga og fyrirtækja. Alls bárust sjóðnum 395 formleg erindi á árinu sem þýðir að sjóðurinn hefur fengið 1,6 umsóknir alla virka daga árið 2001. Nýsköpunarsjóður hefur greinilega skapað sér fastan sess í huga frumkvöðla og fyrirtækja á Íslandi.


Niðurstaða þeirrar stefnumótunarvinnu sem farið var í innan sjóðsins árið 2000 var sú, að eðlilegt var talið að Nýsköpunarsjóður væri í frumfjárfestingum og tæki þátt í því að stofna ný fyrirtæki með frumkvöðlum hér á landi. Helgaðist sú ákvörðun m.a. af því að fjöldi annarra fjárfestingasjóða var á markaðnum sem voru farnir að sinna því hlutverki sem sjóðurinn hafði sinnt frá stofnun hans. Á árinu 2000 varð hins vegar grundvallarbreyting á fjárfestingaumhverfinu þar sem afkoma hinna ýmsu sjóða var langt undir væntingum og því varð Nýsköpunarsjóður, sem opinber fjárfestingasjóður, að fjárfesta í fyrirtækjum sem lengra voru komin og fyrirtækjum sem þurftu á hlutafjáraukningu að halda vegna þeirrar þróunar sem í gangi var og nauðsynlegt talið að fylgja eftir til enda. Þetta endurspeglast í því að Nýsköpunarsjóður hefur aldrei áður fjárfest fyrir hærri upphæð á einu ári frá stofnun hans. Heildarfjárfestingar sjóðsins í fyrirtækjum í formi hlutafjár voru samtals 1.167 milljónir króna árið 2001.

Þrátt fyrir þessa breytingu á stefnu sjóðsins er hlutverk hans og framtíðarsýn óbreytt, enda eru bundnar vonir við að hlutabréfamarkaðir fari að rétta úr kúnum og með því geti aðrir fjárfestingasjóðir orðið öflugri á næstu misserum. Hlutverk og framtíðarsýn sjóðsins eru eftirfarandi:

„Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er öflugur bakhjarl íslenskra frumkvöðla og fyrirtækja í viðleitni þeirra við að móta og koma í framkvæmd arðbærum viðskiptahugmyndum.“

„Nýsköpunarsjóður er drifkraftur nýsköpunar á Íslandi, eflir frumkvæði í atvinnustarfsemi og er öflugur þátttakandi í nýsköpunarverkefnum á frumstigum þeirra.“

### FJÖLDI UMSÓKNA 2001



### Á árinu 2001 bárust sjóðnum 395 formleg erindi sem skiptust þannig:

- Fjárfestingar í formi hlutafjár 176
- Áhættulán 149
- Verkefnafjármögnum 40
- Vörupróunar- og markaðsdeild 24
- Tryggingardeild útflutningslána 6

**Fjöldi samþykktra erinda var samtals 148 og var skiptingin, m.v. sömu flokkun og hér að ofan, eftirfarandi:**

▪ Fjárfestingar í formi hlutafjár	68
▪ Áhættulán	52
▪ Verkefnafjármögnum	11
▪ Vörurþróunar- og markaðsdeild	16
▪ Tryggingardeild útflutningslána	1

Samþykktar fjárfestingar sjóðsins í formi hlutafjár í fyrirtækjum á árinu voru tæplega 1.167 milljónir króna, en lánveitingar námu rúmum 128 milljónum. Samþykkt verkefnafjármögnum nam tæpum 78 milljónum króna og vörurþróunar- og markaðsdeild ráðstafaði tæpum 14 milljónum til verkefnafjármögnumnar á sviði vörurþróunar.

Afkoma ársins 2001 var neikvæð um rúmar 772 milljónir króna og hefur þá verið tekið tillit til verkefnafjármögnumnar, styrkja og framlaga til að mæta afskriftaþörf sjóðsins vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum og öðrum áhættuverkefnum. Þessi upphæð nam á árinu 677 milljónum króna. Meginskýringu á afkomu sjóðsins má rekja til þróunar á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum og afskrifta fjárfestinga. Þeir fjármunir sem Nýsköpunarsjóður hefur til að sinna hlutverki sínu eru sú ávöxtun sem sjóðurinn nær hverju sinni að frádregnum rekstrarkostnaði. Samkvæmt lögum um Nýsköpunarsjóð má eigið fé stofnsjóðs ekki vera minna en sem nemur 4.000 milljónum króna.

## SKIPULAG SJÓÐSINS


Starfsemi Nýsköpunarsjóðs er skipt upp í þrjár meagineiningar sem hver um sig hefur ákveðnu hlutverki að gegna í daglegrí starfsemi sjóðsins. Þessar einingar eru þróunarsvið, fjárfestingasvið og ávöxtunarsvið. Hér á eftir er að finna stutta umfjöllun um þau verkefni sem heyra undir hvert svið um sig.

### ÞRÓUNARSVIÐ


Þróunarsviði er ætlað að stunda markvissa leit að nýjum tækifærum og þróa sprota að því stigi að geta talist áhugaverð og arðbær nýsköpunarverkefni. Auk þess mun þróunarsvið fylgja áhugaverðum hugmyndum eftir allt að því stigi að framkvæmd geti orðið að veruleika. Með þessu fóstrar sjóðurinn verkefni sem hafa framtíðarmöguleika en skortir nauðsynlegan undirbúning til að geta talist hæf til fjárfestingar.

Þróunarsvið skiptist í þrjár meagineiningar; átaksverkefni, sprota og frumkvöðlastur.


### SAMÞYKKT ERINDI 2001



### STOFNSJÓÐUR - FJÁRFESTINGAR



### STOFNSJÓÐUR - ÁHÆTTULÁN





## Átaksverkefni

Þróunarsvið Nýsköpunarsjóðs er grasrótarsvið sjóðsins. Til þess að örva nýsköpun og laða fram áhugaverðar viðskiptahugmyndir stendur þróunarsvið fyrir fjölda átaksverkefna en stærstur hluti þeirra er unninn á vegum annarra aðila í umboði sjóðsins. Hugsunin að baki þessu fyrirkomulagi er að fá til liðs við sjóðinn þá aðila í íslensku viðskiptaumhverfi sem hafa þekkingu og beina snertingu við markaðinn til þess að árangur starfsins verði sem mestur.

## Sprotar

Þróunarsvið Nýsköpunarsjóðs tekur þátt í nýjum viðskiptatækifærum með þrennu móti: Hlutafjárframlagi, áhættulánum og áhættulánúnum með breytirétti í hlutafé.

Þróunarsvið Nýsköpunarsjóðs getur verið með í undirbúningi að stofnun fyrirtækis, þ.e.a.s. ef viðskiptaáætlun þess fyrirtækis er áhugaverð fyrir sjóðinn og fellur innan ramma þeirra laga sem starfað er eftir. Ennfremur getur þróunarsvið sjóðsins komið að nýstofnuðum fyrirtækjum sem eru í uppbyggingu. Verði af hlutafjárbáttöku sjóðsins í fyrirtæki er oftast farið fram á að starfsmaður sjóðsins sitji í stjórn félagsins. Tilgangurinn með þessu fyrirkomulagi er að taka virkan þátt í uppbyggingu fyrirtækisins frá upphafi í samræmi við þá viðskiptaáætlun sem lögð var til grundvallar þáttöku sjóðsins í fyrirtækinu.

Í öðru lagi getur þróunarsviðið komið að fyrirtækjum með áhættulánum til vöruþróunar og markaðsaðgerða erlendis. Áhættulánin geta verið veitt með breytirétti, þannig að hafi Nýsköpunarsjóður áhuga á að eignast hlut í fyrirtækinu þegar fram í sækir getur sjóðurinn breytt láninu í hlutafé.

## Frumkvöðlasetur

Í samvinnu við iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Atvinnuþróunarfélög Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélög Þingeyinga, löntæknistofnun, Háskólanum á Akureyri, Tækifæri hf. og fjárfestingafélagið Urðir ehf. tekur þróunarsviðið þátt í Frumkvöðlasetri Norðurlands ehf. sem hefur aðsetur á Akureyri, Dalvík og Húsavík. Setrið var formlega opnað árið 2001 og hefur um mitt árið 2002 starfað í eitt ár. Í ljósi þeirrar reynslu sem fæst af rekstri setursins mun Nýsköpunarsjóður skoða mögulega þáttöku sína í fleiri slíkum setrum á landsbyggðinni.

## FJÁRFESTINGASVIÐ

Fjárfestingasvið tekur þátt í fyrirtækjum við stofnun og á fyrstu stigum rekstrar. Nýsköpunarsjóður sækist eftir þáttöku í verkefnum óháð stærð og umfangi, svo fremi að verkefnið sé áhugavert út frá mati á framtíðararðsemi. Við fjárfestingu í fyrirtækjum er lögð áhersla á að sjóðurinn komi ekki einungis með fjármagn heldur líka þjónustu, til þess að mæta þörfum fyrirtækjanna á öðrum sviðum, m.a. fjölbreyttari fjármögnunarmöguleika, aðstoð við uppbyggingu á þekkingu og hæfni innan fyrirtækisins. Fjárfestingasvið hefur umsjón með þeim fyrirtækjum, sem Nýsköpunarsjóður hefur fjárfest í og er um að ræða stjórnarsetu í flestum tilfellum. Gert er ráð fyrir að þau fyrirtæki, sem þróunarsvið tekur þátt í, flyttist til fjárfestingasviðs þegar þau hafa náð ákveðinni stærð og styrk.

## ÁVÖXTUNARSVIÐ

Ávöxtunarsvið ber ábyrgð á samningum við fjárvörsluaðila um ávöxtun á sjóðum Nýsköpunarsjóðs sem ekki eru bundnir í fjárfestingum, lánum eða með öðrum hætti. Einu sinni á ári eru lagðar fram tillögur til stjórnar um fjárfestingastefnu fjárvörsluaðila og hvernig skuli staðið að vali á fjárvörsluaðilum. Jafnframt sér ávöxtunarsvið um sölu á hlutabréfum í eigu Nýsköpunarsjóðs eftir ákvörðun stjórnar á hverjum tíma.

## ÖNNUR STARFSEMI

### VÖRUPRÓUNAR- OG MARKAÐSDEILD

Samkvæmt lögum um Nýsköpunarsjóð frá 1997 og síðan breytingu þar á frá 1999 ber sjóðnum að starfrækja vörupróunar- og markaðsdeild. Henni er ætlað það hlutverk að veita styrki til vörupróunarverkefna og markaðsaðgerða á vegum fyrirtækja og auka þannig samkeppnishæfni þeirra. Samkvæmt starfsreglum deildarinnar getur framlag til einstakra verkefna numið allt að tveimur milljónum króna, þó aldrei meira en 50% af áætluðum heildarkostnaði verkefnisins.

### TRYGGINGARDEILD ÚTFLUTNINGSLÁNA

Á vegum deildarinnar eru veittar ábyrgðir vegna verk-efna á vegum íslenskra fyrirtækja innanlands og erlendis. Deildinni er ætlað að tryggja lán, kröfur, þjónustu og fjárfestingar er tengjast útflutningi á vörum og þjónustu.

Á árinu var haldið áfram endurskoðun á starfsreglum deildarinnar, með hliðsjón af þörf íslenskra fyrirtækja fyrir þjónustu af þessu tagi og í því skyni að samræma þjónustuna því sem erlendum keppinautum íslenskra framleiðenda stendur til boða.

Lögð voru drög að áætlun um að stórefla starfsemi deildarinnar, í samstarfi við aðila er tengjast íslensku atvinnulífi, með því að leggja fram aukið fjármagn til rekstrains og að reka öflugt kynningarstarf.

### FRAMTAKSSJÓÐUR

Framtakssjóðirnir fjórir hafa nú verið starfræktir í rúm tvö ár. Þeir hafa frá upphafi fjárfest í 24 fyrirtækjum. Framtakssjóðnum er ætlað að stuðla að nýsköpun og atvinnuupþbyggingu með áherslu á landsbyggðina, einkum á svíði upplýsinga- og hátaækni. Vörsluaðilar Framtakssjóðsins eru eftirfarandi:



- Fjárfestingafélag Austurlands hf. Rekstraraðili: Framtakssjóður Austurlands ehf. með sjóðstjóra á Reyðarfirði í Fjarðabyggð.
- Landsbankinn – Framtak hf. Rekstraraðili: Landsbankinn – Framtakssjóður ehf. með sjóðstjóra á Akureyri.
- Fjárfestingafélag Vestmannaeyja hf. Rekstraraðili: Fjárfestingafélag Suðurlands ehf. með sjóðstjóra í Vestmannaeyjum.
- Framtakssamlag EFA. Rekstraraðili: EFA Framtak ehf. með sjóðstjóra í Reykjavík.



## SAMSTARFSVERKEFNI NÝSKÖPUNARSJÓÐS

Eins og undanfarin ár fjármagnar Nýsköpunarsjóður fjölda verkefna, ýmist að hluta til eða að fullu. Eftirfarandi er yfirlit yfir þau verkefni sem sjóðurinn kom að á árinu 2001.

### Nýsköpunarsjóður og Impra – þjónustumiðstöð frumkvöðla og fyrirtækja

Hjá Impru voru rekin fjögur verkefni. Um er að ræða **Handleiðslu** Nýsköpunarsjóðs við frumkvöðla og uppfiningamenn, **Frumkvöðlastuðning** þar sem veittir eru styrkir til þróunarverkefna, s.s. hagkvæmniathugana, viðskiptaáætlana, einkaleyfisumsókna auk annarra þátta er geta hjálpað frumkvöðlum og fyrirtækjum við þeirra fyrstu skref, **Snjallræði**, sem er hugmyndasamkeppni þar sem auglýst er eftir nýjum framleiðsluhugmyndum, **Skrefi framar**, ráðgjafaverkefni ætlað ör- og sprotafyrirtækjum og Vefviðskipti, sem ætlað er að hvetja fyrirtæki til að tileinka sér þá möguleika sem felast í viðskiptum á Netinu.

### Nýsköpunarsjóður og Útflutningsráð

Í samvinnu við Útflutningsráð rekur Nýsköpunarsjóður tvö verkefni sem ætluð eru fyrirtækjum sem hyggjast hasla sér völl á erlendum mörkuðum.

Verkefnið **Útflutningsaukning og hagvöxtur** er námskeið um gerð stefnumótandi markaðsáætlana og er fyrir fyrirtæki sem vilja vanda til undirbúnings markaðssetningar erlendis. Verkefnið stendur yfir í 10 mánuði hverju sinni.

Í verkefninu **Markaðsstjóri til leigu** fær fyrirtæki tímabundið til sín markaðsstjóra sem aðstoðar við undirbúning og framkvæmd markaðssetningar fyrirtækisins erlendis.

Auk ofantalinna verkefna styrkir Nýsköpunarsjóður þáttöku í sýningum erlendis þar sem European Seafood EXPO sýningin í Brussel er stærst.

### Nýsköpunarsjóður og Rannsóknabjónusta Háskóla Íslands

**Uppúr skúffunum** er samstarfsverkefni Rannsóknabjónustu Háskóla Íslands og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins um nýsköpun og nýtingu rannsóknaniðurstaðna. Verkefnið felst annarsvegar í hvatastarfi og námskeiðahaldi og hins vegar í samkeppni þar sem bestu hugmyndirnar að nýsköpun og nýtingu rannsóknaniðurstaðna eru verðlaunaðar. Í kjölfar samkeppninnar hafa aðstandendur verkefnisins veitt þátttakendum aðstoð og ráðgjöf varðandi t.d. einkaleyfismál og fjármögnun verkefnanna.

### Samstarfsvertvangur sjávarútvegs og iðnaðar

Að þessu verkefni koma, auk Nýsköpunarsjóðs, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, Samtök iðnaðarins, Samtök fiskvinnslustöðva og Landssamband íslenskra útvegsmanna. Markmið **Vettvangsins** er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs með því að leiða saman fyrirtæki í iðnaði og sjávarútvegi m.a. með framleiðslu á tækjabúnaði sem leiðir til aukins vinnsluvirðis í fiskvinnslu og útgerð.

### Samstarfsvertvangur um heilbrigðistækni

Hér er um að ræða samstarf Nýsköpunarsjóðs, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, Heilbrigðistæknifélags Íslands, Rannís, Landspítalans – háskólasjúkrahúss og Samtaka iðnaðarins. Markmið Vettvangsins er að stuðla að aukinni þróun og útflutningi heilbrigðistæknilausna frá Íslandi og um leið koma til móts við þarfir heilbrigðiskerfisins fyrir hagkvæmari og betri lausnir til að bæta lífsgæði og lífslíkur sjúklinga.

## **AUÐUR í krafti kvenna**

*Auður í krafti kvenna* er átaksverkefni til þriggja ára og lýkur því í árslok 2002. Markmið verkefnisins er að nýta enn betur þann auð sem í konum býr með því að auka þáttöku þeirra í atvinnusköpun og stuðla þannig að auknum hagvexti á Íslandi. Um er að ræða sex mismunandi verkefni. Námskeiðinu *FrumkvöðlaAUÐUR* er ætlað að veita konum hvatningu og stuðning til þess að auka hæfni sína og möguleika á að koma á fót fyrirtækjum sem geta náð og viðhaldið örum vexti. *LeiðtogaAUÐUR* er til að gefa konum í leiðtogastöðum tækifæri til að efla hæfileika sína sem leiðtigar og styrkja tengslanet þeirra í milli. *Dæturnar með í vinnuna* er einn vinnudagur á ári tileinkaður dætrum Íslands. *FjármálaAUÐUR* er námskeið til að auka hagnýta þekkingu kvenna á fjármálum. *FramtíðarAUÐUR* er til að virkja framtíðarafl kvenna. Um er að ræða leiðtocabúðir fyrir stúlkur á aldrinum 13-16 ára. Að lokum er um að ræða *AUÐARverðlaunin* þar sem frumkvöðlakonum eru veittar viðurkenningar. Öll verkefni voru mjög vel sótt á þessu ári. Að verkefninu standa, auk Nýsköpunarsjóðs, Háskólinn í Reykjavík, Íslandsbanki, Morgunblaðið og Deloitte&Touche.

## **Nýsköpun 2001**

Á árinu 2001 stóð Nýsköpunarsjóður fyrir samkeppni um gerð viðskiptaáætlana, Nýsköpun 2001. Um er að ræða samstarfsverkefni með KPMG endurskoðun, Háskólanum í Reykjavík, Morgunblaðinu, Sparisjóðnum og Skjá einum. Í tengslum við samkeppnina voru gefin út gögn fyrir þátttakendur og haldin voru námskeið um gerð viðskiptaáætlana um land allt.

Eins og undanfarin ár var mjög góð þátttaka í verkefninu og voru þátttakendur rúmlega 600. Tæplega 400 manns sóttu námskeið viðs vegar um landið og 109 fullbúnar áætlanir bárust í sjálfa samkeppnina. Sérstök dómnefnd fór yfir áætlanirnar og hlustaði á kynningu á þeim sem lengst náðu. Dómnefndina skipuðu: Hörður Sigurgestsson, formaður, Hildur Petersen, Dagný Halldórsdóttir, Brynjólfur Bjarnason, Jón Sigurðsson og Lárus Ásgeirsson.

Verðlaunahafar Nýsköpunar 2001 voru:

1. Fjölbendir ehf.
2. Norrænar myndir ehf.
- 3.-7. Bonus Ortho System
- 3.-7. Uni
- 3.-7. Kury Yama
- 3.-7. Leikskólinn Lundur
- 3.-7. Talus ehf.

Sú nýbreytni varð á síðasta ári að fjórir sigurvegarar hér á landi tóku þátt í evrópskri samkeppni um viðskiptaáætlanir á vegum ESB. Stóðu íslensku aðilarnir sig vel í þeirri keppni og varð Fjölbendir ehf. í öðru sæti í sínum flokki.



## LOKAORD

Á þeim fyrstu tveimur árum sem Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfaði var mikil gróska á áhættufjármagnsmörkuðunum hér á landi. Mikið framboð var af áhættufjármagni og töluvert framboð af viðskiptatækifærum. Á seinnihluta ársins 2000 varð hins vegar mjög mikil breyting á, sem varð til þess að mjög dró úr framboði áhættufjármagns. Rétt er að geta þess að þetta átti ekki eingöngu við hér á landi, hið sama gerðist á erlendum mörkuðum. Þessi þróun hélt áfram á árinu 2001 og má segja að Nýsköpunarsjóður hafi því sem næst verið eini sjóðurinn á áhættufjármagnsmarkaðnum hér á landi, sem fjárfesti í íslenskum sprotafyrirtækjum. Stjórn sjóðsins tók því þá ákvörðun snemma á árinu 2001 að sjóðurinn gæti ekki, stöðu sinnar vegna, fylgt í kjölfar annarra áhættufjárfestingasjóða, en það hefði leitt til þess að lítið framboð yrði á áhættufjármagni og sjóðurinn hefði lítið sem ekkert fjárfest á árinu. Ákvörðun stjórnar Nýsköpunarsjóðs leiddi til þess að fjárfestingar sjóðsins á einu heilu starfsári hafa aldrei verið meiri. Þetta leiddi hins vegar til þess að í lok ársins 2001 ákvað stjórn sjóðsins að dregið yrði verulega úr fjárfestingum hans á árinu 2002, til að tryggja að sjóðurinn uppfyllti þær reglugerðir og lagaákvæði sem um hann gilda.

Nýsköpunarsjóður er lifandi áhættufjárfestingasjóður og verður því sífellt að endurskoða starfsemi sína og læra af reynslunni. Á seinni hluta ársins 2002 verður farið í formlega endurskoðun á stefnu sjóðsins með þátttöku stjórnar, starfsmanna, eigenda sjóðsins og fulltrúum atvinnulífsins. Eitt af því sem sérstaklega verður lögð áhersla á árið 2002 er að skilgreina útgöngumöguleika sjóðsins úr þeim fjárfestingum, sem sjóðurinn hefur farið í, með það fyrir augum að nýta þá fjármuni í nýjar og áhugaverðar fjárfestingar, íslenskum frumkvöðlum og fyrirtækjum til hagsbóta.

Úlfar Steindórsson framkvæmdastjóri

## SAMPYKKT VERKEFNAFJÁRMÖGNUN ÁRIÐ 2001

### Vörupróunar- og markaðsdeild

Alrún ehf.	100.000
Hampiðjan hf.	3.000.000
Hagnýt viðmið (benchmarking) löntæknistofnun	5.000.000
Marel hf.	2.000.000
Möl og sandur hf.	1.000.000
Vaki DNG hf.	1.360.000
Verkefnastjórnunarfélag Íslands	100.000
Vörumerking	1.000.000
<b>Samtals:</b>	<b>13.560.000</b>

### Verkefnafjármögnun

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	100.000
Auður í krafti kvenna	20.000.000
Ax ehf., kvíkmyndafélag	500.000
Evrópumiðstöð Impru/Heilbr. vettvangur	100.000
Hafrannsóknastofnun	100.000
Hagfræðistofnun HÍ	1.000.000
Iðntæknistofnun	28.192.500
Iðnþróunarfélag NV, „gæfugripur“	300.000
Islandica 2001	1.000.000
Minjasafn Jósafats Hinrikssonar	500.000
Nýsköpun 2001	3.100.000
Samstarfsvettvangur um heilbrigðistækni	6.000.000
Skýrslutæknifélag Íslands	350.000
Útflutningsráð	24.750.000
Verkefnastjórn um einkaleyfi	150.000
Viðskipta- og hagfræðideild HÍ	800.000
Viðskiptastofa utanríkisráðuneytisins	3.000.000
„Upp úr skúffunum“, Háskóli Íslands	3.000.000
<b>Samtals:</b>	<b>92.942.500</b>



**ÁRSREIKNINGUR  
2001**

## ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar endurskoðað ársreikning Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum með úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2001, efnahag hans 31. desember 2001, og breytingu á handbæru fé á árinu 2001, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 4. apríl 2002

**Deloitte & Touche hf.**



Páll Steingrímsson  
endurskoðandi



Anna Birgitta Geirfinnsdóttir  
endurskoðandi



## ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2001 með undirritun sinni.

Reykjavík, 4. apríl 2002

Í stjórn

Arnar Sigurmundsson  
stjórnarformaður

Örn Jóhannsson

Guðrún Pétursdóttir

Halldór Björnsson

Hermann Hansson

Framkvæmdastjóri

Úlfar Steindórsson





## REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2001

	Skýr.	2001	2000
<b>Rekstrartekjur og fjármagnsgjöld</b>	11		
Vörlutekjur . . . . .		156.636.087	80.531.194
Þóknunartekjur . . . . .		6.593.256	5.779.288
Gengisbreyting verðbréfaeignar . . . . .		(178.218.905)	109.571.623
Fjármagnsgjöld . . . . .		(18.967.619)	(17.879.099)
		<u>(33.957.181)</u>	<u>178.003.006</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Aðkeyptur kostnaður við fjárfestingaverkefni . . . . .		16.133.907	10.667.716
Laun og launatengd gjöld . . . . .	12	69.244.655	61.268.663
Annar almennur rekstrarkostnaður . . . . .		54.256.629	53.028.434
Afskriftir . . . . .	2,3	3.447.928	3.027.846
		<u>143.083.119</u>	<u>127.992.659</u>
Hagnaður (tap) fyrir fjárfestingaverkefni . . . . .		(177.040.300)	50.010.347
<b>Fjárfestingaverkefni</b>			
Tekjur vegna fjárfestinga í eignarhlutum . . . . .		1.406.228	79.820.154
Tekjur vegna fjárfestinga í skuldabréfum . . . . .		80.543.842	58.419.657
Framlag í afskriftareikning . . . . .	6	(599.190.417)	(257.456.779)
Veittir styrkir . . . . .	13,17	(77.872.849)	(104.371.787)
Þóknanir og aðrar tekjur . . . . .		0	564.974
		<u>(595.113.196)</u>	<u>(223.023.781)</u>
<b>Tap ársins</b> . . . . .		<u>(772.153.496)</u>	<u>(173.013.434)</u>

# EFNAHAGSREIKNINGUR

## EIGNIR

	Skýr.	31. 12. 2001	31. 12. 2000
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir	2,3		
Fasteignir .....	33.310.833	34.020.833	
Húsgögn og innréttigar .....	1.850.371	2.799.266	
Tölvubúnaður og skrifstofuáhöld .....	327.898	1.640.718	
	<u>35.489.102</u>	<u>38.460.817</u>	
 <b>Fjárfestingaverkefni:</b>	 4,5		
Eignarhlutar .....	14	2.719.329.787	1.876.554.317
Eignir Framtakssjóða .....	9	713.528.437	850.387.951
Útlán með breytilegum skilmálum .....	15	522.244.201	191.977.606
Önnur útlán .....	9,15	203.515.245	254.009.645
Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna .....	6	<u>(1.173.291.200)</u>	<u>(625.591.987)</u>
	<u>2.985.326.470</u>	<u>2.547.337.532</u>	
	<b>Fastafjármunir</b>	<b>3.020.815.572</b>	<b>2.585.798.349</b>
 <b>Veltufjármunir</b>	 		
<b>Skammtímakröfur</b>			
Aðrar skammtímakröfur .....	10.697.550	1.981.716	
	<u>10.697.550</u>	<u>1.981.716</u>	
 <b>Verðbréf</b>	 7		
Markaðshlutabréf .....	316.833.610	495.052.515	
Önnur verðbréfæign .....	5.868.399	8.366.085	
	<u>322.702.009</u>	<u>503.418.600</u>	
 <b>Handbært fé</b>	 		
Vörslusjóðir .....	8	2.517.362.002	3.816.834.078
Bankainnstæður og sjóðir .....		<u>35.083.216</u>	<u>4.657.703</u>
	<u>2.552.445.218</u>	<u>3.821.491.781</u>	
	<b>Veltufjármunir</b>	<b>2.885.844.777</b>	<b>4.326.892.097</b>
 <b>Eignir alls</b>		<b>5.906.660.349</b>	<b>6.912.690.446</b>



31. DESEMBER 2001

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ**

	Skýr.	31. 12. 2001	31. 12. 2000
<b>Eigið fé</b>	10		
Stofnfé .....		4.821.767.472	4.828.868.164
Varasjóður .....		0	8.235.794
Annað eigið fé .....		139.061.127	911.214.623
	<b>Eigið fé</b>	<b>4.960.828.599</b>	<b>5.748.318.581</b>
<b>Skuldbindingar</b>			
Vörslufé frá ríkissjóði .....	9	713.528.437	850.387.951
	<b>Skuldbindingar</b>	<b>713.528.437</b>	<b>850.387.951</b>
<b>Skuldir</b>			
<b>Langtímaskuldir</b>			
Skuldabréfalán .....		33.415.406	32.817.651
		<b>33.415.406</b>	<b>32.817.651</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldbindingar vegna verkefna .....	17,18	189.091.240	272.283.245
Næsta árs afborganir langtímalána .....		2.227.694	2.051.112
Aðrar skammtímaskuldir .....		7.568.973	6.831.906
		<b>198.887.907</b>	<b>281.166.263</b>
	<b>Skuldir</b>	<b>232.303.313</b>	<b>313.983.914</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<b>5.906.660.349</b>	<b>6.912.690.446</b>

## SJÓÐSTREYMI 2001

<b>Rekstrarhreyfingar</b>	<b>Skýr.</b>	<b>2001</b>	<b>2000</b>
Innborgaðar vörlutekjur . . . . .		111.639.340	148.185.242
Greidd fjármagnsgjöld . . . . .		(18.422.737)	(16.218.952)
Greiddur rekstrarkostnaður . . . . .		(139.132.169)	(120.517.273)
Innborgaðar tekjur af fjárfestingaverkefnum . . . . .		81.454.425	(49.325.015)
Greiddir styrkir . . . . .		(109.799.947)	(166.448.698)
<b>Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri</b>		<b>(74.261.088)</b>	<b>(204.324.696)</b>
<hr/>			
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir fastafjármunir . . . . .		(476.213)	(2.398.448)
Keypt verðbréf . . . . .		(439.311.990)	(148.101.879)
Keypt hlutabréf . . . . .		(853.100.377)	(744.881.074)
Innleystar ábyrgðir . . . . .		(24.222.631)	(15.430.089)
Seld hlutabréf . . . . .		0	152.613.143
Seld verðbréf . . . . .		0	104.706.800
Fengnar afborganir skuldabréfa og verðbréfa . . . . .		124.543.280	143.434.220
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		<b>(1.192.567.931)</b>	<b>(510.057.327)</b>
<hr/>			
<b>Fjármögnumunarhreyfingar</b>			
Greiddar afborganir langtímaskulda . . . . .		(2.217.545)	(2.051.112)
<b>Fjármögnumunarhreyfingar</b>		<b>(2.217.545)</b>	<b>(2.051.112)</b>
<hr/>			
<b>Lækkun handbærs fjár</b> . . . . .		(1.269.046.563)	(716.433.135)
<b>Handbært fé 1.1.</b> . . . . .		<b>3.821.491.781</b>	<b>4.537.924.916</b>
<b>Handbært fé 31.12.</b> . . . . .		<b>2.552.445.218</b>	<b>3.821.491.781</b>



## SKÝRINGAR

### STARFSEMIN

- Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997 og er samkvæmt þeim sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Yfirmsjón með sjóðnum er í höndum viðskiptaráðherra.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbryggingu, vexti og alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingaverkefnum á sviði nýsköpunar og styðja við þróunar- og kynningarverkefni. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé eða veita lán, ábyrgðir eða styrki.

Starfsemi Nýsköpunarsjóðs skiptist í fjórar deildir, Stofnsjóð, Vörupróunar- og markaðsdeild, Framtakssjóð og Tryggingardeild útflutningslána. Nýsköpunarsjóður er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti.

#### *Stofnsjóður*

Í Stofnsjóði er eigið fé sjóðsins eins og það er varðveitt og ávaxtað á hverjum tíma. Undir Stofnsjóð heyrir allur almennur rekstur Nýsköpunarsjóðs, deilda hans og sjóða.

#### *Vörupróunar- og markaðsdeild*

Deildin veitir framlög til Vörupróunar og markaðsaðgerða og skal stuðla að aukinni samkeppnishæfni þeirra fyrirtækja sem eru styrkhæf hjá deildinni.

#### *Framtakssjóður*

Framtakssjóði er ætlað að hafa með höndum umsjón og eftirlit með ráðstöfun á einum milljarði króna sem ríkissjóður greiddi til Nýsköpunarsjóðs af söluandvirði hlutafjár ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Fénu skal varið til hlutafjárkaupa í því skyni að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbryggingu á landsbyggðinni, einkum á sviði upplýsing og hátækni.

#### *Tryggingardeild útflutningslána*

Deildinni er ætlað að tryggja lán, kröfur, þjónustu, fjárfestingar og búnað er tengist útflutningi og starfsemi innlendra aðila erlendis.

### REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

- Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Þar sem verðlag hefur verið stöðugt á undanförnum árum eru áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og stöðu félagsins ekki reiknuð.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna.

Fasteign .....	2%
Húsgogn, innréttigar og skrifstofuhöld .....	20%
Tölvubúnaður .....	33%

Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við gildandi vísitölu í janúar 2002. Gengistryggðar eignir og skuldir eru umreknaðar í íslenskar krónur miðað við síðasta skráða fundagengi Seðlabanka Íslands í árslok 2001. Áfallnar verðbætur og gengismunur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Hlutabréf í og útlán til áhættufjárfestingaverkefna eru metin til eignar við kostnaðarverði. Til að mæta hugsanlegu tapi sem fylgir áhættufjárfestingum er verðmæti einstakra eigna fært niður samkvæmt sérstöku mati.

Verðbréf í fjárvörlu eru færð við markaðsvirði á reikningsskiladegi.

Til handbærs fjár teljast sjóður, óbundnar bankainnstæður og innstæður í auðinnleysanlegum verðbréfum.

## VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR OG AFSKRIFTIR

3. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Húsgögn og innréttigar	Tölvubúnaður	Fasteign	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun . . . . .	4.744.473	5.183.206	35.500.000	45.427.679
Afskrifað í ársbyrjun . . . . .	(1.945.207)	(3.542.488)	(1.479.167)	(6.966.862)
Bókfært verð í ársbyrjun . . . . .	2.799.266	1.640.718	34.020.833	38.460.817
Viðbætur ársins . . . . .	0	476.213	0	476.213
Afskrift ársins . . . . .	(948.895)	(1.789.033)	(710.000)	(3.447.928)
Bókfært verð í árslok . . . . .	1.850.371	327.898	33.310.833	35.489.102

## FJÁRFESTINGAVERKEFNI

4. Breyting fjárfestingaverkefna á árinu greinist svo:

	<b>31. 12. 2001</b>	<b>31. 12. 2000</b>
Fjárfestingaverkefni í upphafi árs . . . . .	2.547.337.532	2.204.771.123
Fjárfest í nýjum verkefnum . . . . .	1.241.147.460	910.046.977
Seld fjárfestingaverkefni . . . . .	0	(79.303.407)
Breyting áfallinna vaxta . . . . .	39.445.263	10.169.354
Breyting Framtakssjóðs . . . . .	0	(149.612.049)
Verðbætur fjárfestingaverkefna . . . . .	13.490.601	16.692.129
Fengnar afborganir fjárfestingaverkefna . . . . .	(120.044.455)	(151.983.332)
Breyting afskriftasjóðs . . . . .	(599.190.417)	(213.443.263)
	3.122.185.984	2.547.337.532

5. Fjárfestingaverkefni í árslok greinast á eftirfarandi hátt

	<b>31. 12. 2001</b>	<b>31. 12. 2000</b>
Innlend fjárfesting í hlutabréfum á Íslandi . . . . .	1.594.030.024	1.142.031.116
Innlend fjárfesting í hlutabréfum erlendis . . . . .	871.726.963	581.300.403
Erlend fjárfesting í hlutabréfum á Íslandi . . . . .	253.572.799	153.222.798
Innlend fjárfesting í skuldabréfum á Íslandi . . . . .	1.576.147.398	1.296.375.202
Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna . . . . .	(1.173.291.200)	(625.591.987)
	3.122.185.984	2.547.337.532

6. Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir áhættufjárfestingu. Lagt er í þennan reikning árlega með hliðsjón af metinni áhættu hverju sinni.

Breyting á afskriftareikningi greinist svo:

	<b>31. 12. 2001</b>	<b>31. 12. 2000</b>
Afskriftareikningur í upphafi árs . . . . .	625.591.987	523.478.858
Framlag ársins í afskriftareikning . . . . .	599.190.417	257.456.779
Endanlega töpuð fjárfestingaverkefni . . . . .	(51.491.204)	(155.343.650)
Afskriftareikningur í árslok . . . . .	1.173.291.200	625.591.987



## VERÐBRÉF

7. Verðbréfaeign Nýsköpunarsjóðs í árslok er færð á markaðsverði og greinist svo:

Markaðshlutabréf:	Eignarhluti:	Nafnverð :	Markaðsverð :	
			31. 12. 2001	31. 12. 2000
Þróunarfélag Íslands hf. . . . .	12,00%	132.014.004	<u>316.833.610</u>	<u>495.052.515</u>
<b>Önnur verðbréf:</b>				
Skuldabréf, sveitarfélög . . . . .		4.500.000	<u>5.868.399</u>	<u>7.203.483</u>
Skuldabréf, bankastofnanir . . . . .			<u>0</u>	<u>1.162.602</u>
			<u>5.868.399</u>	<u>8.366.085</u>

## VÖRSLUSJÓÐIR

8. Nýsköpunarsjóður hefur gert samninga um ávöxtun og fjárvörslu við nokkra aðila innanlands og utan. Fjárvarslan skiptist með eftirfarandi hætti milli fjárvörsluaðila:

		31. 12. 2001	31. 12. 2000
Innlendir fjárvörsluaðilar . . . . .		<u>569.451.845</u>	<u>1.404.863.094</u>
Erlendir fjárvörsluaðilar . . . . .		<u>1.947.910.157</u>	<u>2.411.970.984</u>
		<u>2.517.362.002</u>	<u>3.816.834.078</u>

Vörslusjóðir skiptast á eftirfarandi hátt milli erlendra gjaldmiðla og íslenskra króna:

Fjárvarsla í erlendri mynt . . . . .		<u>2.215.758.290</u>	<u>3.167.831.180</u>
Fjárvarsla í íslenskum krónum . . . . .		<u>301.603.712</u>	<u>649.002.898</u>
		<u>2.517.362.002</u>	<u>3.816.834.078</u>

## FRAMTAKSSJÓÐUR

9. Í samræmi við lög nr. 61 frá 1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins hefur ríkissjóður greitt í Framtakssjóð hluta af sölu-andvirði hlutafjár ríkisins í FBA hf.

Framtakssjóður hefur í samræmi við áðurnefnd lög boðið út vörslu fjárlins og á grundvelli útboðsins var gengið til samninga við Fjárfestingafélag Vestmannaeyja hf., Fjárfestingafélag Austurlands hf., Landsbanka Íslands - Framtak hf. og Framtakssjóð EFA.

Meðal skulda í ársreikningi þessum er uppfærð skuldbinding við ríkissjóð vegna þessa í samræmi við ávöxtun útboðsaðilanna. Í áðurnefndum lögum er kveðið á um að útboðnar einingar skuli leyistar upp 7-10 árum eftir útboð og renni andvirðið þá í ríkissjóð.

Staða fjárvörslu sundurliðast með eftirfarandi hætti:

		31. 12. 2001	31. 12. 2000
Fjárfestingafélag Vestmannaeyja hf. . . . .		<u>149.808.487</u>	<u>173.316.849</u>
Fjárfestingafélag Austurlands hf. . . . .		<u>123.350.462</u>	<u>186.559.492</u>
Landsbanki Íslands - Framtak hf. . . . .		<u>192.906.497</u>	<u>237.358.275</u>
Framtakssjóður EFA . . . . .		<u>247.462.991</u>	<u>253.153.335</u>
		<u>713.528.437</u>	<u>850.387.951</u>

## EIGIÐ FÉ

10. Innborgað stofnfé Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er kr. 4.000.000.000 vegna Stofnsjóðs, kr. 828.868.164 vegna Vörupróunar- og markaðsdeilda og kr. 18.197.001 vegna Tryggingardeilda útflutningslána. Í 19. gr. reglugerðar um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins segir að sjóðnum sé óheimilt að skerða stofnfé Nýsköpunarsjóðs. Fyrstu fimm starfsársjóðsins skal miða við að upphafleg krónutala haldist óbreytt en framreiknuð fjárhæð eftir það. Hreyfingar eigin fjár greinast á eftifarandi hátt:

	Stofnfé	Varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Flutt frá fyrra ári .....	4.828.868.164	8.235.794	911.214.623	5.748.318.581
Innleystar ábyrgðir .....	(7.100.692)	(8.235.794)		(15.336.486)
Tap ársins .....			(772.153.496)	(772.153.496)
	4.821.767.472	0	139.061.127	4.960.828.599

Eigið fé Nýsköpunarsjóðs skiptist með eftifarandi hætti milli einstakra deilda:

	31. 12. 2001	31. 12. 2000
Stofnsjóður .....	4.393.101.062	5.046.461.609
Vörupróunar- og markaðsdeild .....	492.847.074	605.925.933
Tryggingardeild útflutningslána .....	0	19.232.909
Framtakssjóður .....	74.880.463	76.698.130
	4.960.828.599	5.748.318.581

Samkvæmt 12. grein laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins um Tryggingardeild útflutningslána, er miðað við að iðgjöld og tryggingarhlutföll standi undir rekstri Tryggingardeildarinnar, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs er nemni a.m.k. 10% af ábyrgðum deildarinnar á hverjum tíma. Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Eigið fé deildarinnar í upphafi árs nægði ekki til greiðslu innleystra ábyrgða á árinu og því hefur verið mynduð krafra á ríkisábyrgðasjóð fyrir mismuninum. Ríkissjóður ábyrgist að öðru leyti skuldbindingar deildarinnar.

## VÖRSLUTEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

### 11. Vörslutekjur

	31. 12. 2001	31. 12. 2000
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	4.846.572	16.373.505
Vaxtatekjur af verðbréfum .....	1.591.878	835.824
Sölughagnaður af hlutabréfum .....	0	66.448.063
Hækkun á virði eignarhluta í vörslusjóðum .....	134.860.654	(35.028.999)
Arður af hlutabréfæign .....	14.224.509	31.902.801
Aðrar rekstrartekjur .....	267.474	0
Afföll og gengistap af skuldabréfum .....	845.000	0
	156.636.087	80.531.194

### Þóknunartekjur

Fengnar þóknanir af ábyrgðum .....	1.223.039	0
Aðrar þóknunartekjur .....	5.370.217	5.779.288
	6.593.256	5.779.288

### Gengisbreyting verðbréfæignar

Lækkun/hækkun á virði eignarhluta .....	(178.218.905)	109.571.623
---	---------------	-------------



### Fjármagnsgjöld

	<b>31. 12. 2001</b>	<b>31. 12. 2000</b>
Vaxtagjöld af rekstrarfé	(488.134)	(49.317)
Vextir af skammtímaskuldum	(1.484.213)	(3.397.750)
Vextir af langtímaskuldum	(4.955.547)	(4.452.780)
Kostnaður við vörslu fjár	(12.039.725)	(8.971.024)
Þóknun vegna sölu hlutabréfa	0	(1.008.228)
	(18.967.619)	(17.879.099)
Hreinar vörslutekjur til ráðstöfunar í rekstur og fjárfestingaverkefni	(33.957.181)	178.003.006

### STARFSMANNAMÁL

	<b>31. 12. 2001</b>	<b>31. 12. 2000</b>
Laun og launatengd gjöld greinast þannig		
Laun	54.639.455	49.277.582
Launatengd gjöld	14.605.200	11.991.081
	69.244.655	61.268.663

Starfsmenn sjóðsins voru 10 í árslok 2001.

### STYRKVEITINGAR

	<b>31. 12. 2001</b>	<b>31. 12. 2000</b>
13. Styrkveitingar sjóðsins voru með eftirfarandi hætti á árinu:		
Samþykktir veittir stofnsjóðsstyrkir	51.242.680	52.735.840
Samþykktir styrkir til vörुþróunar og markaðssetningar	63.046.025	56.297.491
Niðurfelldir veittir styrkir	(36.415.856)	(4.661.544)
	77.872.849	104.371.787

### YFIRLIT YFIR FJÁRFESTINGAVERKEFNI

	Eignarhluti:	Fjárfesting:
14. Fjárfesting í áhættuhlutabréfum greinist þannig:		
Adsoft ehf.	21,10%	22.500.000
AGR - Aðgerðagreining ehf.	10,10%	12.140.000
Almenna vörusalan ehf.	36,00%	12.000.000
Alur - álvinnsla ehf.	32,80%	7.350.000
Atferlisgreining ehf.	9,00%	8.000.000
Á sporbaug ehf./ In Orbit Entertainment Inc.	19,00%	49.550.000
Álfasteinn ehf.	16,30%	2.800.000
Bergspá ehf.	14,00%	10.000.000
Bioprocess A/S	9,60%	102.343.931
Bláa lónið baðstaður hf.	15,30%	82.435.000
Byr ehf.	28,40%	62.833.333
CanAg Diagnostics AB	10,40%	50.079.863
Degasoft hf.	1,10%	5.007.162
Domestic Soft Inc	26,00%	7.600.000
Enex hf.	10,40%	12.000.000
Flexilam Lda	44,60%	71.396.401
Foxhall ehf.	16,70%	7.500.000
Framtíðartækni hf.	16,70%	15.000.000
Frumkvöölasetur Norðurlands ehf.	12,33%	2.266.667

Fjárfesting í áhættuhlutabréfum greinist þannig:

	Eignarhluti:	Fjárfesting:
GECA hf.	30,20%	51.000.000
Genergy-Varmaraf hf.	40,00%	20.000.000
Genís hf.	5,10%	87.722.798
Giraffe á Íslandi ehf.	38,00%	4.950.000
Hafmynd ehf.	9,30%	10.778.900
Handtölvur ehf.	23,20%	30.000.000
Hlíri ehf.	31,80%	12.000.000
Hvitserkur hf.	25,00%	12.000.000
Icelandic Genomics Corporation	15,00%	154.170.194
Icelandic Green Polyols	15,30%	19.728.076
Ilsanta UAB	14,00%	87.986.750
Intel Scan Örbylgjutækni ehf.	16,70%	12.500.000
Investments and Advise SIA	15,00%	15.648.050
Íshestar ehf.	15,20%	21.765.665
Íslensk nýsköpun ehf.	16,20%	5.514.374
Íslenska lífmassafélagið ehf.	6,50%	1.050.000
Íslenska magnesíumfélagið hf.	1,90%	950.000
KK Lux SA	48,00%	37.869.472
Kine ehf.	15,60%	18.500.000
Kná ehf.	33,30%	7.000.000
LH-tækni hf.	18,10%	40.000.000
Lightspeed Games Inc.	8,60%	31.567.534
LífAfl ehf.	22,20%	18.000.000
Lifeind ehf.	10,00%	2.000.000
LuxInflecta ehf.	33,00%	25.000.000
MarkMar ehf.	100,00%	2.000.000
Marsel ehf.	25,00%	3.000.000
Máki hf.	15,20%	80.000.000
Mótoris hf.	43,60%	37.500.000
MP Bio hf.	4,30%	75.000.000
Myllan-Carberry's Bakery LLC	10,00%	53.261.250
Netverk Plc.	2,40%	59.749.525
Nikita ehf.	24,60%	41.500.160
Norðurís ehf.	24,80%	42.999.328
Plötur ehf.	30,00%	24.000.000
Poly-ice Mexico S.A.de CV	28,60%	17.920.000
Reykjavík Clothing ehf.	36,80%	70.000.000
Seawhopper Whitefish Corp.	12,00%	59.086.934
Silverton AS	8,30%	71.152.634
Sindraberg ehf.	39,00%	37.050.000
Sjávarleður hf.	40,00%	20.000.000
Skaginn hf.	9,70%	64.989.134
Snorri Þorfinnsson ehf.	12,50%	6.000.000
SNS ehf.	29,20%	60.398.295
Sprotasjóðurinn hf.	100,00%	85.300.000



Fjárfesting í áhættuhlutabréfum greinist þannig:

	Eignarhluti:	Fjárfesting:
Stjörnu-Oddi hf.	23,20%	35.000.000
Sæbýli hf.	19,50%	57.626.115
